

Miðvikudaginn 16. nóvember 1994.

Nr. 443/1994.

Íselco sf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

gegn

Jóhanni Pétri Margeirssyni

(Ólafur B. Árnason hrl.)

Kærumál. Kyrrsetning. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 26. október 1994, sem barst réttinum 8. nóvember sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga um aðför nr. 90/1989, eins og þeim var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 21. október 1994, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um að ómerkja ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um endurupptöku kyrrsetningargærðar, sem hafði farið fram hjá varnaraðila að kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að „kyrrsetningargærð sýslumannsins í Reykjavík, dags. 15. 8. 1994, verði staðfest“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar kemur fram, leitaði sóknaraðili eftir því við sýslumanninn í Reykjavík, að kyrrsetningargærð, sem hafði farið fram að kröfu hans hjá varnaraðila 10. mars 1994, yrði endurupptekin í því skyni, að eignir, sem höfðu verið kyrrsettar, yrðu virtar til peningaverðs. Þessi málaleitan sóknaraðila var tekin fyrir af fulltrúa sýslumanns 10. ágúst 1994, og var þá meðal annars bókað eftirfarandi í gerðabók:

„Gerðarbeiðandi fer fram á endurupptöku til nánari skráningar á virðingarverðmæti eigna, sem kyrrsettar voru 10. mars 1994.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og með honum Ólafur Ragnarsson hrl. Þeim er kynnt krafa gerðarbeiðanda. Lögmaður gerðarþola krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda um endurupptöku verði hafn- að, þar sem ekki sé lagaheimild fyrir henni. Hann segir heimild í 3. tl. 22. gr. 1. nr. 31/1990 ekki eiga við í þessu tilviki.

Að kröfu gerðarbeiðanda ákveður fulltrúi sýslumanns, að gerðin fari fram.

Lögmaður gerðarþola kveðst munu bera þá ákvörðun undir héraðsdómara. Lögmaður gerðarþola krefst þess, að trygging frá gerðarbeiðanda verði hækkuð. Ftr. sýslumanns hafnar því að endurskoða tryggingarfjárhæð.

Lögmaður gerðarbeiðanda leggur fram nr. 3–16 veðbókarvottorð o. fl. gögn varðandi verðmæti eignanna.

Ftr. sýslumanns ákveður að fresta gerðinni til 15. ágúst nk. kl. 11.30, og mun þá virðing hans á eignum liggja fyrir. Mættum kynnt bókunin án athugasemda.

Hinn 15. ágúst 1994 var gerðin síðan tekin fyrir að nýju, og lá þá fyrir virðing fulltrúans á eignum gerðarþola. Með henni þótti staðreynt, að eignirnar nægðu ekki fyrir kröfu gerðarbeiðanda, og var gerðinni því lokið án árangurs að hluta.

Í framhaldi af þessu beindi lögmaður varnaraðila málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi 16. ágúst 1994. Um heimild til að bera málið undir dóm á þennan hátt var vísað í bréfinu til V. kafla laga nr. 31/1990 og V. þáttar laga nr. 90/1989.

II.

Í V. kafla laga nr. 31/1990 eru heimildir handa aðilum að kyrrsetningargerð til að leita dómsúrlausnar, áður en gerðinni er endanlega lokið, til að fá leyst úr um lögsmæti ákvarðana sýslumanns um atriði, sem varða heimild til gerðarinnar og framkvæmd hennar, svo og um synjun hans um að verða við beiðni um endurupptöku gerðar. Um rétt gerðarþola til að leita á þessu stigi úrlausnar um atriði varðandi heimild til kyrrsetningargerðar eða framkvæmd hennar er mælt svo fyrir í 1. mgr. 34. gr. laganna, að þetta geti hann því aðeins gert, að gerðarbeiðandi mótmæli því ekki og gerðarþoli hafi uppi kröfu sína um þetta við sýslumann, áður en lengra er haldið við framkvæmd gerðarinnar. Gerðarþoli getur þó einnig gert kröfur fyrir dómi um

slíkt atriði, ef gerðarbeiðandi leitar dómsúrlausnar um þau fyrir sitt leyti í skjóli heimilda sinna til þess í 33. gr. laga nr. 31/1990.

Í lögum nr. 31/1990 eru gerðarþola ekki veitt önnur úrræði en þessi til að fá leyst sérstaklega úr fyrrgreindum atriðum fyrir dómi, áður en kyrrsetningargerð er lokið. Í máli um staðfestingu kyrrsetningar samkvæmt VI. kafla laganna getur gerðarþoli á hinn bóginn borið fyrir sig slíkt atriði til að leitast þar við að fá gerðinni hnekk.

III.

Samkvæmt því, sem er getið að framan, gat varnaraðili ekki með réttu leitað sérstakrar dómsúrlausnar til að fá hnekk ákvörðun sýslumanns um endurupptöku kyrrsetningargerðar sóknaraðila gegn sér nema í skjóli 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990. Samkvæmt ákvæðinu var heimild varnaraðila til þess háð því, að sóknaraðili hefði ekki mótmælt, að mál um þetta yrði þegar lagt fyrir dóm.

Af fyrrgreindri bókun í gerðabók sýslumanns verður að vísu ekki ráðið, að sóknaraðili hafi berum orðum mótmælt, að varnaraðili fengi að bera ágreining þeirra um endurupptöku gerðarinnar sérstaklega undir héraðsdóm. Á hinn bóginn er til þess að líta, að við þetta tækifæri var bókað eftir lögmanni varnaraðila, að hann „kveðst munu bera“ ákvörðun fulltrúa sýslumanns um þetta undir héraðsdóm. Samkvæmt þessu krafðist lögmaðurinn ekki þá þegar dómsúrlausnar um ákvörðunina, svo sem ber að gera samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990. Eins og þessari yfirlýsingu af hálfu varnaraðila var háttað, verður ekki talið, að sóknaraðili hafi haft ástæðu til að mótmæla því sérstaklega, að ágreiningsefnið yrði lagt fyrir dóm, enda beindist yfirlýsingin eftir hljóðan sinni ekki að því, að varnaraðili vildi notfæra sér úrræði samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði. Í þessu sambandi verður einnig að huga að því, að þótt þessi yfirlýsing af hálfu varnaraðila væri komin fram, gerði hann engar athugasemdir við, að framkvæmd gerðarinnar yrði haldið áfram, en það gat ekki samræmst því, að réttilega hafi verið leitað dómsúrlausnar samkvæmt V. kafla laga nr. 31/1990, sbr. 1. mgr. 35. gr. laganna og 86. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Af þessum ástæðum verður ekki fallist á, að skilyrðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990 hafi verið fullnægt, til að varnaraðili leiti, eins og gert er í máli þessu, sérstakrar dómsúrlausnar um ómerkingu á

ákvörðun sýslumanns um endurupptöku kyrrsetningargerðar sóknaraðila á hendur honum. Verður því að taka til greina aðalkröfu sóknaraðila og fella úr gildi hinn kærða úrskurð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstaréti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. október 1994, var þingfest á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1994.

Sóknaraðili er Jóhann Pétur Margeirsson, kt. 050658-4149, Fjarðarási 24, Reykjavík.

Varnaraðili er Íselco sf., kt. 600171-0469, Skeifunni 11 D, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að ákvörðun sýslufulltrúans í Reykjavík, er tekin var við endurupptöku kyrrsetningargerðar nr. K-37/1994 í málinu Íselco sf. gegn Jóhanni Pétri Margeirssyni, verði breytt þannig, að beiðni gerðarbeiðanda um endurupptöku verði hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að staðfest verið ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, sem tekin var 10. ágúst 1994 í málinu K-37/1994. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

— — —

Niðurstaða.

Mál þetta snýst um það, hvort sýslufulltrúinn í Reykjavík hafi mátt heimila endurupptöku kyrrsetningargerðar, er fram fór 10. mars 1994, til „nánari skráningar á virðingarverðmæti“ eigna þeirra, sem þá voru kyrrsettar.

Í endurriti úr gerðabók sýslumanns frá 10. ágúst 1994 kemur fram, að lögmáður gerðarþola kveðst munu bera þá ákvörðun sýslufulltrúa að heimila endurupptöku undir héraðsdómara, og er þeirri yfirlýsingu lögmans gerðarþola ekki mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda.

Með vísan til 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann verður að telja, að gerðarþola hafi verið heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun sýslumanns, að gerðin færi fram, enda

komu engin mótmæli fram frá gerðarbeiðanda, er krafan var höfð uppi. Verður því að telja ágreiningsefni þetta eiga undir héraðsdóm. Þá verður að skilja kröfugerð sóknaraðila á þann veg, að í henni felist krafa um, að ákvörðun sýslumanns verði ómerkt.

Í 3. tl. 22. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann er að finna heimild til handa gerðarbeiðanda til að fá gerð endurupptekna í því skyni, að kyrrsettar eignir verði skrásettar með nánari hætti en áður var gert. Í athugasemdum með lagaákvæðinu kemur fram, að reglur greinarinnar séu sniðnar eftir fyrirætlum 9. kafla laga nr. 90/1989 um endurupptöku fjárnámsgerðar. Í athugasemdum með 66. gr. þeirra laga, sem heyrir undir 9. kafla laganna, segir, að gerðarbeiðanda geti verið nauðsyn á að láta skrásetja hið fjárnumda nánar en gert var í upphafi, þ. e. skrásetning einstakra muna, þegar fjárnám hefur t. d. verið gert í safni lausafjármuna. Samkvæmt nefndu ákvæði er því ekki gert ráð fyrir, að endurupptaka kyrrsetningargerðar sé heimil, þótt nauðsyn beri til að leggja fjárhagslegt mat á muni þá, sem kyrrsettir hafa verið, enda verður ósk um virðingu eigna til peninga-verðs að koma fram í upphafi gerðar, en ekki, eftir að kyrrsetning hefur farið fram, sbr. 15. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. og 36. – 50. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Með vísan til ofangreinds verður því á það fallist með sóknaraðila, að endurupptaka kyrrsetningargerðar sé ekki heimil í þeim tilgangi að leggja fjárhagslegt mat á þá muni, sem kyrrsettir hafa verið. Verður með vísan til 35. gr. laga nr. 31/1990, sbr. 90. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, að fallast á kröfu sóknaraðila um, að ákvörðun sýslufulltrúa um að heimila endurupptöku kyrrsetningargerðar, er fram fór 10. mars 1994, verði ómerkt.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu greiði varnaraðili sóknaraðila 45.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um endurupptöku kyrrsetningargerðar, sem fram fór 10. mars 1994, í málinu Íselco sf. gegn Jóhanni P. Margeirssyni, er ómerkt.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 45.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.